

39 og skólahús sveitarinnar að Ásum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði 12. maí til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

40
6. júní **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi.**

Með bréfi dags. 19. maí þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Að utan: Lína 80 m frá sjó og upp fyrir Gunnarsbúð.
2. Að ofan: Lína 380 m frá útlínu ofan til við Gunnarsbúð inn í Hjarðardalsá, þaðan ræður áin 240 m inn eftir.
3. Að innan: Lína 90 m frá innri takmörkum línunnar að ofan beint í sjó.
4. Að neðan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

41

4/s 1938

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 92 frá 1936, um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en þeim, er grenjaleitátími nefnist, og fær þá skotmaður greitt úr sýslusjóði 2 krónur fyrir hvert dýr, sem hann sannar fyrir sýslunefnd að hann hafi skotið á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. apríl og 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann hefir skotið á öðrum tímum árs utan grenjaleitátíma.

Grenjaleitátíminn telst frá því 3 vikur eru af sumri til loka 10. viku.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.